

## Mannréttinda- og lýðræðisráð

Ár 2018, fimmtudaginn 5. júlí var haldinn 1. fundur mannréttinda- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.14:07. Fundinn sátu Dóra Björt Guðjónsdóttir, Ásgerður Jóna Flosadóttir, Daniel Örn Arnarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Katrín Atladóttir, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir, Stefán Eiríksson og Elísabet Pétursdóttir, sem var fundarritari.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 19. júní 2018, um kosningu á fulltrúum í mannréttinda- og lýðræðisráð R.18060083
2. Lögð fram tillaga, dags. 19. júní 2018, um stofnun mannréttinda- og lýðræðisráðs. R18060083
3. Kosning varaformanns mannréttinda- og lýðræðisráðs. Frestað
4. Fram fer umræða um fundartíma og fyrirkomulag funda ráðsins. Lögð fram drög að fundardagatali ágúst til desember 2018.
5. Fram fer kynning á verkefnum mannréttindaráðs/MAR.
6. Fram fer kynning á verkefnum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs/SÞR/SBB

Stefán Eiríksson, borgarritari, Unnur Margrét Arnardóttir, verkefnastjóri lýðræði og lýðheilsu, Guðbjörg Lára Másdóttir og Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og reksturs, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga mannréttinda- og lýðræðisráðs, um kynhlutlaus salerni og úttekt á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar. R18070064:

Lagt er til að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, verði gerð ókyngreind frá og með hausti 2018. Samráðsferli við starfsfólk fari fram áður en að farið verði í framkvæmdir. Í framhaldi verði gerð úttekt á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði þar sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu. Þetta verði gert í samráði við þau hagsmunasamtök er málið varðar. Mannréttindaskrifstofu verði falið að útfæra nánar með hvaða hætti þetta verði unnið. Að þessu loknu verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem taki mið af ólíkum þörfum borgarbúa og þeirra sem heimsækja borgina.

Greinagerð fylgir tillögunni.  
Samþykkt.

Mannréttinda- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og lýðræðisráð leggur ríka áherslu á mannréttindi, lýðræði og aðgengi allra að samfélaginu í sinni víðustu mynd enda eiga allir að geta blómstrað í mannréttindaborginni Reykjavík. Um leið og fulltrúar mannréttinda- og lýðræðisráðs ítreka mikilvægi tillögunnar er skorað á þær einingar sem koma að uppbyggingu og viðhaldi eigna borgarinnar auk viðeigandi fagraða, að við uppbyggingu nýrra mannvirkja borgarinnar sem og við breytingar og aðrar framkvæmdir sé þess gætt að salernis-, sturtu- og búningsaðstaða sé eins ókyngbundin og frekast er unnt. Þannig

telja fulltrúarnir að vinna megi gegn mismunun og tryggja að fleiri geti nýtt sér þjónustu borgarinnar.

Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í jafnréttis og hinsegin málum, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**Fundi slitið kl. 16.30**

Ásgerður Jóna Flosadóttir  
Daníel Örn Arnarson  
Guðrún Ögmundsdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson  
Katrín Atladóttir  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir